

AUGLÝSING

um breytingar á váttryggingarfjárhæðum ökutækjatrýgginga.

1. gr.

Samkvæmt 6. mgr. 8. gr. laga um ökutækjatrýggingar, nr. 30/2019, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 5. mgr. 8. gr. sömu laga verði 4.686 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 496 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar, nr. 30/2019, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka skv. 1.-3. mgr. 9. gr. verði 351 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu váttryggingartaka skv. 2. másl. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1244/2019, um ökutækjatrýggingar, er 542.000 kr. fyrir einstakling og 2.709.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu skv. 3. másl. 2. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar er 135.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á váttryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrýgginga, nr. 196/2019.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 21. september 2021.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Sóley Ragnarsdóttir.